

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftir 1. málsl. e-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

Í þeim tilvikum sem hjálpartæki eru greidd að hluta af Sjúkratryggingum Íslands ber viðkomandi öldrunarstofnun að greiða hluta sjúkratryggðs.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 5. apríl 2022.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.